

Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands

1.gr.

Nafn sjóðsins er Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands

2.gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um alla þá Vestur-Íslendinga, sem hlut áttu að stofnun H/f Eimskipafélags Íslands. Stofnendur teljast allir þeir, er afhenda sjóðnum gjafir fyrir árslok 1966.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að velgengni Háskóla Íslands svo og að styrkja efnilega stúdenta til náms við Háskólann eftir ákvörðun Háskólaráðs.

4.gr.

Stofneign sjóðsins nú er kr. 347.000,00. Er stofneignin öll í hlutabréfum H/f Eimskipafélags Íslands að nafnverði kr. 347.000,00.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.

Stjórn sjóðsins skipa: Stjórnarformaður Landsbankans hf., bankastjóri Landsbankans hf., rektor Háskóla Íslands og forstjóri Eimskipafélags Íslands hf. Stjórnarformaður Landsbankans hf. skal vera formaður sjóðstjórnar.

Einfaldur meirihluti atkvæða stjórnarmanna ræður úrslitum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal annast reikninghald sjóðsins og ávaxta fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðsstjórnin halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra, er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur Landsbankans. Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir ásamt reikningum Landsbankans. Skal Háskólaráði sent eintak af reikningunum.

Breytingar á skipulagsskrá staðfestar þann 16. janúar 2014 af Sýslumanninum á Sauðárkróki.